



# Samráðsgátt (/oll-mal)

– opið samráð stjórnvalda við almenning



Samráð fyrirhugað

10.02.2023–01.03.2023



Til umsagnar

10.02.2023–01.03.2023



Niðurstöður í vinnslu frá

01.03.2023



Niðurstöður birtar

## Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál

Mál nr. 33/2023 | Birt: 10.02.2023 | Síðast uppfært: 14.02.2023

Innviðaráðuneytið | Stöðumat og valkostir

Málefnasvið: | Húsnæðis- og skipulagsmál

### Til umsagnar

Umsagnarfrestur er 10.02.2023–01.03.2023. Umsagnir verða birtar jafnóðum og þær berast.

Senda inn umsögn

### Málsefni

Í grænbókinni er lagður grunnur að umræðu um núverandi stöðu húsnæðis- og mannvirkjamála, lykilviðfangsefni, framtíðarsýn og áherslur við gerð stefnu til komandi ára.

Innviðaráðherra hyggst leggja fram á Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu auk aðgerðaáætlunar. Þetta verður í fyrsta sinn sem slík þingsályktunartillaga er lögð fram og stefna gerð á landsvísu í húsnæðis- og mannvirkjamálum. Drög að grænbók eru liður í þessari stefnumótun.

Grænbókin byggist meðal annars á fyrirliggjandi gögnum hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og öðrum opinberum aðilum, vinnu starfshópa og samráði sem farið hefur fram við almenning og aðra hagaðila á grundvelli hennar, rafrænni spurningakönnun meðal sveitarfélaga, opnu samráði við almenning með fundaröðinni „Vörðum leiðina saman“, sem haldin var í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, sem og rafrænni spurningakönnun meðal ungs fólks.

Grænbókin leggur grunn að stefnumótun í húsnæðis- og mannvirkjamálum til næstu ára. Í henni er greint frá stöðumati og kynnt drög að lykilviðfangsefnum, framtíðarsýn og áherslum við gerð stefnunnar.

Mikilvægt er að fá fram skoðanir og álit almennings og annarra hagaðila á þessum þáttum og eru því öll hvött til að kynna sér efni grænbókarinnar og senda umsögn sína inn í samráðsgáttina. Eftir að unnið hefur verið úr umsögnunum verður endanleg útgáfa grænbókarinnar birt almenningi. Á grundvelli hennar verður unnið stefnuskjal eða svokölluð hvítbók og í framhaldinu þingsályktunartillaga um stefnu og aðgerðaáætlun í húsnæðis- og mannvirkjamálum.

Stefnt er að því að tillaga til þingsályktunar um húsnæðisstefnu verði lögð fram á Alþingi í vor.

---

## Ábyrgðaraðili

Skrifstofa húsnæðis- og skipulagsmála  
irn@irn.is (mailto:irn@irn.is)

---

## Skjöl til samráðs

Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál  
Sækja skjal (/Skrar/\$Cases/GetCaseFile/?id=%7be0782085-86a9-ed11-9bb7-005056bcce7e%7d) - 10236 kb

---

## Fjöldi umsagna

4

Sýna umsagnir

**Viltu senda inn umsögn um málið?**

Smelltu hér (<https://innskraning.island.is/?id=samradsgatt.island.is&path=%3freturnUrl%3d%2foll-mal%2f%24Cases%2fDetails%2f%3fid%3d3405>) til að skrá þig inn með Íslykli eða rafrænni auðkenningu.

Ef umsögnin er send fyrir hönd samtaka, fyrirtækis eða stofnunar þarf umboð þaðan, sjá nánar hér (<https://samradsgatt.island.is/library/Files/Umbo%C3%B0%20-%20lei%C3%B0beiningar%20fyrir%20samr%C3%A1%C3%B0sg%C3%A1tt%20r%C3%A1%C3%B0uneyta.pdf>).